

- 62 getur neitað að taka á móti kosningu eitt kjörtímabil, og svo aftur eftir jafnlangan tíma. Skylda ljósmóður umdæmisins er að sjá um, að stjórn sjóðsins sé á hverjum tíma fullskipuð.

6. gr.

Áskotnist sjóðnum einhverjar eignir, svo sem gjafir, áheit, eða á einhvern annan hátt, skulu þær eignir lagðar við höfuðstól sjóðsins, og lúta sömu lögum og reglum, sem þessi skipulagsskrá mælir fyrir.

7. gr.

Þegar sjóðurinn hefur vaxið svo, að ársvextir hans eru 40 kr., má fyrst veita fé úr sjóðnum, samkvæmt ákvæðum 4. greinar. Þó þannig, að aldrei má veita meiri upphæð á sama ári en nemur $\frac{1}{2}$ ársvöxtum sjóðsins, þar til ársvextir hans eru fullar 80 krónur, þá má veita úr sjóðnum allt að $\frac{3}{4}$ hlutum ársvaxtanna, en $\frac{1}{4}$ hluti þeirra, skulu árlega leggjast við höfuðstólinn, þar til hann er fullar krónur 10000 — tíu þúsund krónur —, úr því má veita úr sjóðnum allt að $\frac{1}{10}$ hluti ársvaxtanna. Þau ár, sem engin sængurkona sækir um styrk úr sjóðnum, eða stjórn hans álitur engan umsækjanda verðugan styrksins, leggjast allir ársvextir við höfuðstólinn. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók. Í gerðabókina skal færa inn skipulagsskrá þessa, allar fundargerðir stjórnarinnar, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins. Enn fremur allar eignir og ársreikninga yfir tekjur og útgjöld sjóðsins.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal stjórnin birta reikninga hans í Lög-
birtingablaðinu eða því blaði, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar. Hreppsnefnd Fellsstrandarhrepps ber að kjósa tvo endurskoðendur reikninga sjóðsins á hverju ári og hafa eftirlit með, að skipulagsskrá þessari sé fylgt.

10. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari, sem verður birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

63

15. apríl

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt til Siglufjarðarkaupstaðar.**

1. gr.

Fasteignaskatt skal greiða í bæjarsjóð Siglufjarðar af öllum fasteignum á lög-
giltri verzlunarlóð Siglufjarðar, svo sem fyrir er mælt í reglugerð þessari.

2. gr.

- a. Af venjulegum íbúðarhúsum með lóðum, túnnum og gördum 0,4%.
- b. Af íbúðarhúsum, sem í er verzlun, skrifstofur, vinnustofur, verkstæði o. fl. þess háttar, enn fremur af öllum fasteignum síldarverksmiðja ríkisins 0,7%.
- c. Af óbyggðum lóðum 2%.
- d. Af síldarsöltunarstöðvum, frystihúsum, verksmiðjum og öllum öðrum fasteign-
um en þeim, sem um ræðir í a-, b- og c-lið, með lóð, 1%,

3. gr.

63

Undanþegnar fasteignaskatti eru þær fasteignir, sem um ræðir í 4. gr. laga nr. 69 31. des. 1937. 15. apríl

4. gr.

Fasteignaskatt skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en brotum úr hundruðum skal sleppt.

5. gr.

Skattur þessi fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert og falla dráttarvextir á samkv. lögum nr. 69 1937. Skatturinn hefur lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og gengur á undan öllum sammingsbundnum veðum í 2 ár frá gjalddaga að telja.

6. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld reglugerð um fasteignaskatt til Siglufjarðar-arkaupstaðar frá 20. apríl 1938 og reglugerð um breyting á þeirri reglugerð frá 28. febrúar 1940.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðararkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkv. lögum nr. 69 31. des. 1937 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. apríl 1941.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

64

26. apríl

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Akranes, nr. 118 30. desember 1937.

1. gr.

Eftirgreind hafnargjöld má innheimta með 50% álagi:

- a. Lestargjald, samkv. a-, b- og c-lið 14. gr.
- b. Vörugjald, samkv. 1.—12. flokki, 15. gr.
- c. Bryggjugjald, samkv. síðari málsgr. 20. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. maí 1941.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 64 8. september 1931 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. apríl 1941.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Gunnl. E. Briem.